

Starfsaðferðir í leikskólanum Gullborg vegna gruns um kynferðislega misnotkun eða ofbeldi gagnvart börnum

Leikskólinn Gullborg

Sjálfsmynd barna

2009

Starfsaðferðir í leikskólanum Gullborg vegna gruns um kynferðislega misnotkun eða ofbeldi gagnvart börnum

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Kveikjan að verkefninu	3
Undirbúningur og framkvæmd	3
Ákvæði um tilkynningarskyldu samkvæmt lögum	5
Forvarnir.....	6
Vinnuumhverfi leikskólans.....	6
Fræðsluáætlun.....	7
Hvað er kynferðisleg misnotkun ?.....	9
Afleiðingar kynferðislegrar misnotkunar.....	9
Hlutverk starfsmanna	10
Stuðningur og ráðgjöf.....	11
Grunur um ofbeldi.....	12
Heimildaskrá.....	14

Starfsaðferðir í leikskólanum Gullborg vegna gruns um kynferðislega misnotkun eða ofbeldi gagnvart börnum

Inngangur

Leikskólinn Gullborg mótaði árið 2007 stefnu og starfsaðferðir um viðbrögð starfsmanna þegar grunur vaknar um kynferðislegt ofbeldi gagnvart börnum. Í skýrslunni kemur fram á hvern hátt unnið var að undirbúningi og vinnu við stefnumótunina og hvernig hún er framkvæmd í leikskólanum. Árið 2008 fékk leikskólinn Hvatningarverðlaun Leikskólaráðs fyrir verkefnið.

Kveikjan að verkefninu

Starfsmenn Gullborgar höfðu í tengslum við forvarnir í leikskólanum lengi haft áhuga á að kynna sér þær afleiðingar sem kynferðislegt ofbeldi hefur og um leið að skoða hvaða forvörnum eru við að vinna með í leikskólanum. Í janúar 2007 sótti leikskólastjóri Gullborgar námskeið, „Verndari barna“, hjá Blátt áfram en það eru sjálfstæð félagasamtök sem hafa þann tilgang að efla forvarnir gegn kynferðislegu ofbeldi á börnum á Íslandi.

Þar kviknaði hugmyndin að því að móta stefnu fyrir leikskólann og starfsaðferðir um viðbrögð starfsmanna þegar grunur vaknar um að börn séu beitt kynferðislegu ofbeldi. Spurning vaknaði um hvað verið var að gera í leikskólanum varðandi forvarnir, hvað mætti betur fara og hvernig gera mætti áætlun um fræðslu um efnið fyrir starfsfólk leikskólans. Á námskeiðinu kom sterklega fram hvað slíkt ofbeldi hefur alvarlegar afleiðingar fyrir sjálfsmynd barna. En efling sjálfsmyndar barna er aðalmarkmið Gullborgar.

Verkefnið varð síðan samstarfsverkefni Gullborgar og Blátt áfram. Sigríður og Svava Björnsdætur voru með fræðslu fyrir starfsmenn í leikskólanum og foreldra og studdu við verkefnið í formi heimsóknna, tölvusamskipta og símtala. Leikskólastjóri kynnti verkefnið fyrir Ingveldi Björnsdóttur leikskólaráðgjafa leikskólans sem aðstoðaði starfsmenn meðal annars við efnisöflun, fræðslu og hvatningu.

Undirbúningur og framkvæmd

Í upphafi var starfsfólki leikskólans kynnt hugmyndin og í kjölfarið fór af stað heimildasöfnun þar sem safnað var saman lögum og reglugerðum sem lúta að vernd og öryggi barna og greinum um afleiðingar ofbeldis á börn.

Svava og Sigríður Björnsdætur héldu námskeiðið, „Verndari barna“, fyrir allt starfsfólk leikskólans á skipulagsdegi. Námskeiðinu var skipt í tvennt, fyrir hádegi var fyrirlestur og fræðsla en eftir hádegi var hópavinna þar sem allir starfsmenn tóku þátt í að vinna fyrstu drög að starfsaðferðum og tengingu við forvarnir leikskólans. Í umræðunni hjá starfsmönnum þróaðist víðari sýn á

Starfsaðferðir í leikskólanum Gullborg vegna gruns um kynferðislega misnotkun eða ofbeldi gagnvart börnum

viðfangsefnið sem einnig kallaði á markvissar starfsaðferðir. Þegar grunur vaknar um óviðunandi uppeldisaðstæður barna, áreitni, ofbeldi, að heilsu þeirra og öryggi sé ógnað og viðbrögð vegna gruns um annarlegt ástand aðila sem sækir barn eða kemur með það í leikskólann.

Vinnufundur héldu síðan áfram og voru deildar- og fagfundir nýttir til þess.

Foreldrafélag Gullborgar kom að verkefninu og fékk Sigríði Björnsdóttur frá Blátt áfram til að halda fyrirlestur um forvarnir fyrir foreldra í Gullborg. Allir foreldrar Gullborgar fengu bæklinginn “7 skref til verndar börnunum okkar”.

Að frumkvæði foreldrafélags Gullborgar tóku nokkrir leikskólar í Vesturbæ, Ægisborg, Vesturborg, Sæborg og Hagaborg sig saman og fengu Svövu Björnsdóttur og Steinunni Bergmann frá Barnaverndarstofu að halda fyrirlestra um forvarnir.

Í dag er stefnan hluti af forvarnaráætlun leikskólans, sett fram í skólanámskrá og starfsaðferðir eru skráðar í starfsmannahandbók. Þær eru kynntar fyrir nýjum starfsmönnum og reglulega er farið yfir starfsaðferðirnar á starfsmanna- og fræðslufundum í leikskólanum.

Að lokum

Starfsfólk Gullborgar lagði mikinn metnað í undirbúning og alla vinnu við verkefnið. Í vor verður verkefnið metið sérstaklega í innra mati leikskólans og vinnan þróuð áfram. Það er von okkar að þessi samantekt verði öðrum leikskólum hvatning og leiðsögn við að byggja upp forvarnir gegn illri meðferð á börnum.

Meðfylgjandi eru starfsaðferðir Gullborgar og áætlun leikskólans um fræðslu til barna og starfsmanna.

Með kveðju frá Gullborg,

Rannveig J. Bjarnadóttir leikskólastjóri og starfsmenn leikskólans

Viljum við koma á framfæri þakkir til:

Barna og starfsmanna í Gullborg

Foreldra í Gullborg

Ingveldar Björnsdóttur leikskólaráðgjafa.

Samtakanna Blátt áfram

Starfsaðferðir í leikskólanum Gullborg vegna gruns um kynferðislega misnotkun eða ofbeldi gagnvart börnum

Verklag við könnun máls vegna gruns um kynferðisofbeldi gegn barni.

Ákvæði um tilkynningarskyldu er að finna í IV. Kafla barnaverndarlaga nr. 80/2002 16. 17. og 18. grein. Sjá einnig III kafla reglugerðar nr. 56/2004 um málsmeðferð hjá barnaverndarnefnd.

Ákvæði um nafnleynd tilkynnenda í 19. gr.

- 16. gr. kveður á um tilkynningarskyldu almennings.
- 17. gr. kveður á um sérstaka tilkynningarskyldu þeirra sem starfa sinna vegna hafa afskipti af börnum.
- 18. gr. kveður á um tilkynningarskyldu lögreglu.
- 19. gr. kveður á um nafnleynd tilkynnenda.

- 31. gr. kveður á um neyðarráðstafanir.
- 43. gr kveður á um rannsóknarheimildir.

Starfsmönnum ber við störf sín að gæta fyllstu hlutlægni, vanda störf sín og gæta faglegra vinnubragða. Starfsmenn skulu sjá til þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvarðanir eru teknar. Starfsmenn skulu sýna börnum, foreldrum og öðrum sem tengjast barnaverndarmáli fyllstu nærgætni, þegar þeir kanna og fara með mál.

Starfsmönnum ber að gæta fyllsta trúnaðar og mega ekki skýra óviðkomandi mönnum frá því sem þeir verða vísir í starfa sínum um einkamál manna og heimilisháttu.

Starfsaðferðir í leikskólanum Gullborg vegna gruns um kynferðislega misnotkun eða ofbeldi gagnvart börnum

Forvarnir:

Áætlun og innleiðing í að efla sjálfsmynd barna og að kenna þeim að setja mörk í samskiptum.

Markmið: að efla sjálfsmynd barna, kenna þeim að setja mörk, þekkja tilfinningar sína og skoðanir og koma þeim á framfæri.

Leiðir:

1. Unnið samkvæmt skólanámskrá þar sem áhersla er lögð á að efla/styrkja sjálfsmynd barna og sjálfsöryggi þeirra.
2. Starfsaðferðir leikskólans stuðla að því að daglegt líf barnsins í leikskólanum mótist af vellíðan og að það finni fyrir öryggi og trausti hjá starfsmönnum. Börnin eru hvött til að tjá tilfinningar, koma skoðunum sínum á framfæri í samskiptum, hvernig við tölum og komum fram við hvert annað og hvernig við setjum mörk um hvað okkur finnst vont og gott.
3. Börnin vinna verkefni í myndlist, teikna sig sjálf, fjölskylduna og tjá tilfinningar sínar og skoðanir út frá sjálfu sér og æfa sig í að setja öðrum mörk.
4. Tekið er saman fræðsluefni fyrir börnin. Bókin „Þetta er líkaminn minn“ eftir Lory Freeman og ljóðabókin Þetta eru mínir einkastaðir eftir Diane Hansen.
5. Fræðsla til foreldra. Haldnir eru fyrirlestrar fyrir foreldra og starfsmenn í samvinnu við foreldrafélag Gullborgar. Einnig fá starfsmenn fræðslu á fræðslufundum leikskólans og starfsmannafundum.

Vinnuumhverfi leikskólans

Öryggi barna og starfsmanna

Allir starfsmenn sem sækja um vinnu í leikskólanum skila inn sakavottorði.

Húsnæði og dagskipulag leikskólans er þannig úr garði gert að starfsmenn eru aldrei einir með barni. Allir vinna í opnu rými og starfsmenn vinna hlið við hlið.

2 starfsmenn opna leikskólann á morgnanna og 2 loka leikskólanum í lok hvers dags.

Starfsaðferðir í leikskólanum Gullborg vegna gruns um kynferðislega misnotkun eða ofbeldi gagnvart börnum

Fræðsluáætlun

Fræðsla til barnanna.

Markmið með fræðslu til barnanna er að efla sjálfmynd þeirra, kenna þeim að setja mörk og þekkja tilfinningar sínar og skoðanir og að koma þeim á framfæri.

Leiðir:

1. Að daglegt líf barnsins í leikskólanum mótist af öryggi og vellíðan
2. Teikna sjálfsmynd í listaskála, hver er ég, foreldrar, heimili, systkini, afar og ömmur, stjúpfórelldri, ættleidd, erlendur uppruni, hverjar eru tilfinningar mínar, skoðanir, hvernig við tölum við hvert annað, hvernig setjum við mörk, hvað er vont og hvað er gott (matur, snerting) Þora að koma skoðunum sínum á framfæri
3. Starfsaðferðir leikskólans og umhverfi sem styrkja sjálfsmynd barna samkvæmt skólanámskrá Gullborgar
4. Tilfinningabók barnanna sem er líka unnin með foreldrum heima
5. Lesa bækur með fræðsluefni
6. Framsögn
7. Að barnið finni öryggi og traust hjá starfsmönnum

Tímasetning:

September: Verkefnavinna, sjálfsmynd og umræður

Nóvember: Lestur bókanna „Þetta er líkaminn minn“ og ljóðabókin „Þetta eru mínir einkastaðir“

Febrúar- maí : Áframhald af verkefnavinnu og verkefni send heim til að vinna með foreldrum.

Starfsaðferðir í leikskólanum Gullborg vegna gruns um kynferðislega misnotkun eða ofbeldi gagnvart börnum

Fræðsla til starfsmanna

Markmið með fræðslu til starfsmanna er að styrkja þá í að í að þekkja einkenni á illrar meðferðar á börnum.

Leiðir:

1. Fyrirlestur frá aðila sem vinnur í tengslum við barnavernd og öryggi /ráðstefnur
2. Fræðslufundur leikskólans/starfsaðferðir kynntar
3. Læra að hlusta á börnin og að bregðast við.
4. Opnar umræður á starfsmannafundum.
5. Leshringur

Fræðsla til foreldra

Markmið með fræðslu til foreldra er styrkja þá í að ræða forvarnir með börnunum sínum

Leiðir:

1. Vinna verkefni heima með börnunum tengt bókinni „ Þetta er líkaminn minn“
2. Fyrirlestur og fræðsla

Starfsaðferðir í leikskólanum Gullborg vegna gruns um kynferðislega misnotkun eða ofbeldi gagnvart börnum

Hvað er kynferðisleg misnotkun ?

- Hvers kyns kynferðisathöfn milli fullorðins einstaklings og ólögráða einstaklings eða milli tveggja ólögráða einstaklinga þar sem annar aðilinn hefur vald yfir hinum.
- Að neyða, þvinga, hvetja eða sannfæra barn um að taka þátt í hvers kyns kynferðislegri athöfn eða snertingu. Einnig þeirri sem ekki felur í sér snertingu svo sem sýniþörf, klám í hvaða mynd sem það birtist, gægjugöt, hvort sem er á ákveðnum stað, interneti eða í síma.
- Kynferðisleg misnotkun er glæpur og er refsiverð samkvæmt lögum

Tekið úr bæklingi frá Dimmu ljósi “ 7skref til verndar börnunum okkar” www.blattafram.is

Afleiðingar kynferðislegrar misnotkunar

Kynferðisleg misnotkun veldur fórnarlömbum ómældri sálarangist og kvöl.

1. Andleg einkenni hjá börnum

- Barn sýnir almenna vanlíðan kvartar undan höfuð- og magaverk, þarf mjög mikla athygli, getur sýnt óeðlilega hegðun / samskipti í leik við börn.
- Óeðlileg vitneskja um kynferðislegar athafnir miðað við aldur sem fram koma t.d. í teikningum, hlutverkaleik eða læknisleik.
- Einnig getur barnið sýnt í samskiptum við fullorðna óeðlilega hegðun eða upplifun sem tengist snertingu og eða í samtali.
- Vill ekki fækka fötum í leik
- Forðast snertingu við aðra
- Byrjar aftur að pissa í buxur eða í rúmið á næturnar.
- Sýnir mikið óöryggi
- Tilkynnir kynferðislega hegðun gagnvart sér.

1. Líkamleg einkenni hjá börnum

- Sýnilegir áverkar, marblettir á líkama, útlimum, baki, maga, andliti, höfði, á kynfærum, rasskinnum eða á endaparmi.
- Rispur, klór

Starfsaðferðir í leikskólanum Gullborg vegna gruns um kynferðislega misnotkun eða ofbeldi gagnvart börnum

- Síendurteknir marblettir á líkama barnsins eða brunasár sem erfitt er að útskýra eða erfitt að tengja við óhapp eða slys.
- Á erfitt með að ganga eða að sitja.
- Barn kvartar um sviða eða kláða á kynfærum eða þar í kring
- Vont að pissa eða blóðleitur vökvi sýnilegur í buxum.
- Sýking eða útferð

Hlutverk starfmanna

Ef grunur vaknar um kynferðislega misnotkun eða ofbeldi gagnvart börnum

1. Framkoma og hegðun starfsmannsins

Starfsmaðurinn þarf að vera meðvitaður um að barnið er að sýna starfsmanninum ákveðið traust. Starfsmaður skráir niður dagsetningu og atburð.

Starfsmanni ber að halda ró sinni og nota setningar eins og:

- A. Takk fyrir að segja mér frá þessu. Viltu segja mér eitthvað meira ?
- B. Ég ætla að hjálpa þér.

Ef að barnið vill ekki tjá sig meira þá á ekki að ýta á það. Það er þegar búið að opna fyrir upplifun sína og þá má ekki loka á traustið sem barnið sýnir. Bíða eftir að barnið opni sig aftur. Búa til þannig aðstoður að barna geti og þori að tjá sig t.d eitt með viðkomandi starfsmanni í einhverjum leik.

2. Hvert leitar starfsmaður:

Starfsmaður sem verður vitni af þessu leitar aðstoðar hjá leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra og eða deildarstjóra. Leikskólastjóri leitar eftir utanaðkomandi aðstoð sem veitir stuðning eða áfallahjálp til starfsmanna.

Skrá niður atvikið.

3. Eftir að barn kemur aftur í leikskólann.

Starfsmenn fylgja eftir ráðgjöf sem utanaðkomandi ráðgjafar gefa.

Starfsaðferðir í leikskólanum Gullborg vegna gruns um kynferðislega misnotkun eða ofbeldi gagnvart börnum

Stuðningur og ráðgjöf

Stuðningsaðilar innan leikskólans og ráðgjafar

Leikskólastjóri

Aðstoðarleikskólastjóri

Deildarstjórar

Utanaðkomandi stuðningsaðilar og ráðgjafar

Vesturgarður s: 4111700

Hildur Skarphéðinsdóttir skrifstofustjóri SFS s: 4111111

Félagsráðgjafar í Vesturgarði s: 4111700

Barnavernd Reykjavíkur Borgartúni 10-12 s: 4111111

Blátt áfram s: 533 2929

Barnahús s: 530 2500

Lögreglan s: 112

Áfallaaðilar fyrir starfsmenn

Prestar í Neskirkju sr. Örn Bárður Jónsson s: 511 1560 / 893 2311

sr. Sigurður Árni Þórðarson s:511 1561 / 862 2312

Starfsaðferðir í leikskólanum Gullborg vegna gruns um kynferðislega misnotkun eða ofbeldi gagnvart börnum

Grunur um ofbeldi

Grunur um líkamlegt ofbeldi

Einkennin geta verið:

- Beinbrot sem erfitt er að útskýra
- Áverkar eða marblettir á höfði
- Áverkar eða marblettir í andliti, sprungin vör, brotnar tennur
- Marblettir á baki, maga, handleggjum og fótum.
- Rispur og eða klór
- Bit eftir manneskju

Grunur um óviðunandi uppeldisaðstæður barna/ vanrækslu og eða andlegt ofbeldi

Einkennin geta verið:

- Barn illa hirt og illa lyktandi fatnaður
- Barn sótt of seint eða illa og af ókunnu fólki.
- Vannæring
- Andleg vanlíðan, barn sýnir almennan vanlíðan, kvartar undan verkjum, þarf mjög mikla athygli, getur sýnt óeðlilega hegðun í samskiptum og leik.
- Áverkar á líkama sem erfitt er að útskýra.
- Börn skilin eftir ein heima eða í umsjá aðila sem hefur ekki aldur eða þroska til.
- Ekki farið með barnið til tannlæknis eða læknis

Framkoma og hegðun starfsmanns:

1. Ef að starfsmann grunar að barn búi við óviðunandi aðstæður þá lætur hann deildarstjóra eða leikskólastjóra / aðstoðarleikskólastjóra vita. Skrá atvikið niður.
2. Leikskólastjóri / setur sig í samband við fagfólk í Vesturgarði. Ef að barn er í hættu er strax haft samband við Barnavernd Reykjavíkur.

Starfsaðferðir í leikskólanum Gullborg vegna gruns um kynferðislega misnotkun eða ofbeldi gagnvart börnum

Grunur um að foreldri eða aðstandandi sé undir áhrifum vímuefna.

Grunur um að foreldri eða aðili sem er að sækja barn á leikskólann sé undir áhrifum alkahóls eða vímuefna.

1. Ná í leikskólastjóra og eða aðstoðarleikskólastjóra / deildarstjóra
2. Vísa foreldri / viðkomandi inn á skrifstofu leikskólastjóra í samtal. Þar á að láta viðkomandi vita að starfsmenn finni áfengislykt af þeim eða að þeir telji að viðkomandi sé í of annarlegu ástandi til að fara með barnið.

Aldrei má láta viðkomandi fara með barnið úr leikskólanum.

Leikskólastjóri hringir í Barnavernd Reykjavíkur 4119200 eða í lögreglu 112 og fær aðstoð þaðan.

Grunur um ofbeldi inn á heimili barns eða vitni af ofbeldi.

Barn sem gefur í skyn að ofbeldi eigi sér stað inn á heimili þess.

- Ef að barn í orðum eða gjörðum gefur í skyn að ofbeldi eigi sér stað inn á heimili þess
- Barn segir frá því að einhver meiðir eða barsmíðar eigi sér stað heima hjá sér.

Framkoma starfsmanns:

Takk fyrir að segja mér frá þessu, viltu segja mér meira ?

Hvert leitar starfsmaður:

Starfsmaður lætur deildarstjóra eða leikskólastjóra / aðstoðarleikskólastjóra vita. Sem leitar til Vesturgarðs þjónustumiðstöð vesturbæjar.

Skrá atvikið niður.

Starfsaðferðir í leikskólanum Gullborg vegna gruns um kynferðislega misnotkun eða ofbeldi gagnvart börnum

Grunur um að starfsmaður beiti barn ofbeldi eða kynferðislega misnotkun

Leikskólastjóri tekur starfsmann af deild.

-Ef grunur er á að starfsmaður beiti barni ofbeldi eða kynferðislega misnotkun á tafarlaust að tilkynna grun til leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra eða deildarstjóra.

-Starfsmenn skrá niður

-Leikskólastjóri leitar strax aðstoðar til:

Vesturgarður s: 4111700

Hildur Skarphéðinsdóttir skrifstofustjóri SFS s: 4111111

Félagsráðgjafar í Vesturgarði s: 4111700

Barnavernd Reykjavíkur Borgartúni 10-12 s: 4111111

Blátt áfram s: 533 2929

Barnahús s: 530 2500

Lögreglan s: 112

Starfsaðferðir í leikskólanum Gullborg vegna gruns um kynferðislega misnotkun eða ofbeldi gagnvart börnum

Heimildaskrá:

1. Abby Shapiro Kendrick, Roxane Kaufmann og Katherine P. Messenger. 1995 Edition. Healthy Young Children. Kafli 4
2. Samtökin: Darkness to light. Confronting child sexual abuse with courage 2004. Steward of children, interactive Manual.
3. Ólöf Ásta Farestveit og Þorbjörg Sveinsdóttir. Mál og menning 2006. „Verndum þau“ hvernig bregðast á við grun um vanrækslu eða ofbeldi gegn börnum og unglingum.
4. Verklagsreglur um tilkynningaskyldu starfsfólks Leikskóla Reykjavíkur og dagforeldra í Reykjavíkur til barnaverndar.
5. Greinagerð starfshóps um fræðslu um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum. Menntasvið Reykjavíkurborgar maí 2006
6. Leikskólastjóri sat ráðstefnu Barnaheilla “ Ný tækni – Sama sagan „ kynferðislegt ofbeldi gagnvart börnum október 2007
7. Leikskólastjóri sat alþjóðaráðstefnu um forvarnir á vegum samtakanna Blátt áfram í maí 2008.